

Fimmtudaginn 4. desember 1997.

Nr. 127/1997.

Lárus Hinriksson

(Guðmundur Kristjánsson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Frávísun frá héraðsdómi. Dómarar. Gjaldþrotaskipti. Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1997. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.600.000 krónur, en til vara 2.499.813 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. mars 1991 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar kemur fram, reisir áfrýjandi kröfu sína á því, að sýslumanninum í Þingeyjarsýslu hafi orðið á saknæm mistök við meðferð á gjaldþrotamáli Sigurðar Hinrikssonar, bróður áfrýjanda, er hann lét allt andvirði húseignar þeirrar, sem hér kemur við sögu, renna inn í þrotabúið. Telur áfrýjandi sig hafa orðið fyrir tjóni sökum þessa, og beri stefndi húsbóndaábyrgð á þessari saknæmu og óréttmætu málsmeðferð sýslumanns og starfsmanna hans.

Athafnir sýslumannsins í Þingeyjarsýslu við meðferð framangreinds gjaldþrotamáls töldust til dómsathafna á þessum tíma. Samkvæmt þágildandi 2. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði var ekki unnt að höfða skaðabótamál fyrir héraðsdómi gegn skiptaráðanda, sbr. nú 8. gr. a laga nr. 92/1989 um

aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, svo sem þeim lögum var breytt með 13. tl. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hér er um ófrávíkjanleg lagaákvæði að ræða, sem leiða til frávísunar ex officio. Ber því að vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir öllum atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður í héraði og fyrir Hæstarétti.
